

Nd.

208. Frumvarp til laga

[127. mál]

um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Í stað orðanna „5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda“ í 1. gr. laganna, komi: 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa, og má enginn slátra stórgripum til sölu né versla með kjöt af þeim í heildsölu nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 18. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

3. gr.

Í stað orðanna „þar á meðal mjólkursöluna á því svæði“ í 1. málsg. 23. gr. laganna, komi: þar á meðal heildsöludreifingu mjólkur á því svæði.

4. gr.

25. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal hún annast alla heildsöludreifingu á mjólk, rjóma og nýju skyri á sölusvæðinu.

Sexmannanefnd ákveður hverju sinni verð á mjólk og rjóma í heildsölu og smásölu, sbr. 2. málsg. 6. greinar. Í því sambandi skal hún einnig ákveða losunargjald, er heildsöluaðili skal taka, í hvert skipti sem mjólk er afgreidd við mjólkurútsölu. Skal gjald þetta vera jafnhátt að krónutölu, hvort sem afgreitt er mikið eða lítið magn mjólkur eða rjóma hverju sinni sé um þéttbýli að ræða, annars samkvæmt venjulegum flutningskostnaði.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta verðákvörðunum Sexmannanefndar, og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þó að ósamkomulag kunní að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.

Ekki má selja mjólk, rjóma og skyr eða skyldar mjólkurvörur til annarra versluna en þeirra, er fengið hafa samþykki heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi sveitar-

félagi til sölu mjólkur. Skal í þeim efnun fylgt ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.

5. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölvæði skal stjórn þess annast alla heildsölu á mjólk, rjóma og skyldum afurðum, sbr. ákvæði 1. málsg. 25. greinar.

6. gr.

27. gr. laganna orðist þannig:

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk og rjóma í heildsölu á því sölvæði.

Nú kemur upp deila milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

7. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til heildsölu á mjólk, sbr. ákvæði 25. gr., að sjá um að ætíð sé nóg neyslumjólk til á sölvæði þeirra, sé þess nokkur kostur. Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölvæði mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.

Verðslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einnig hafa á boðstólum allar vörutegundir, sem Mjólkursamsalan og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.

Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að sölvæði sé óhæf til neyslu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursölvæði, stöðvað sölu á þeirri mjólk. Sama gildir um sölvæði einstakra framleiðenda.

8. gr.

30. gr. laganna orðist þannig:

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast til um, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölvæði og forráðamenn hlutaðeigandi kaupstaða og kaupfélga, að bót fái á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Ennfremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og gera aðrar ráðstafanir, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Það fé, sem Sermannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

9. gr.

40. gr. laganna orðist þannig:

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fái fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað, miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjöld skulu talin til dreifingarkostnaðar.

a. Kjöt: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi

fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.

- b. Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög, og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi, ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs.
- c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
- d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum, til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða.
- e. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum, til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð skv. 12. gr. nægir ekki.

10. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmála á hverju mjólkursölusvæði og aðrir, sem versla með gjaldskyldar vörur samkv. 40. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldinu samkvæmt fyrirætlunum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda ber honum að standa skil á verðjöfnunargjaldinu til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skytt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu líta og þær geta látið í té.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Breytingar þær, sem felast í 23.—30. gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júní 1976. Tímabil það, sem líður frá samþykkt laganna, skulu aðilar nota til að koma sér saman um ýmis framkvæmdaatriði, sem ekki er búið að ganga frá, svo sem yfirfærslu eigna, ráðningu starfsfólks, fyrirkomulag á afhendingu og móttöku mjólkur og greiðslu á andvirði varanna og önnur slík atriði, sem nauðsynlegt er að semja um.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 21. mars 1973, ákvað landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að kynna sér fyrirkomulag á sölu og dreifingu á mjólk, rjóma, skyri og öðrum skyldum mjólkurvörum á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið og gera tillögur um breytingar, ef þurfa þykir. Þessir menn voru skipaðir í nefndina. Þorsteinn Sveinsson, kaupfélagsstjóri, Egilsstöðum, Hreinn Sumarliðason, kaupmaður, Reykjavík, Ólafur Andrésson, bóndi, Bjarni Helgason frá Neytendasamtökunum, Stefán Björnsson forstjóri Mjólkursamsölnunnar og Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, er var jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin hóf þegar störf við það verkefni sem fyrir hana var lagt. Fólust þau m. a. í því að fyrirspurn

var gerð til allra mjólkursamlaga á landinu um dreifingarfyriðkomulag á mjólk, rjóma og skyri á sölusvæðum þeirra. Þ. á m. var spurt um aðild annarra en mjólkursamlaganna að dreifingunni. Nefndin starfaði að þessu verkefni meginhluta ársins 1973 og skilaði samhljóða álit 12. desember, 1973. Nefndin var sammála um að rétt væri að taka til endurskoðunar fyrirkomulag á sölu og dreifingu á mjólk, rjóma, skyri og öðrum skyldum vörum. Síðan núverandi skipulag var tekið upp hefðu orðið miklar breytingar í Þjóðfélagsháttum, sem gerðu það eðlilegt að endurskoðunin færi fram. Nefndin taldi eftirfarandi atriði ráða mestu um væntanlega endurskoðun.

1. Þegar núverandi verðlagskerfi var tekið upp á landbúnaðarvörum árið 1947, kom til hið svokallaða grundvallarverð á landbúnaðarvöru, sem er það verð sem framleiðendum er ætlað að fá fyrir framleiðslu sína hverju sinni. Kostnaði við vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða er síðan bætt ofan á þetta svokallaða grundvallarverð. Sé sá kostnaður mikill hækkar það verðið til neytenda, en lækkar ekki útborgunarverð til framleiðenda, svo framarlega sem kostnaðurinn er rétt metinn af Sexmannanefnd. Þessu var ekki þannig farið þegar mjólkurlögin voru sett. Hver sparaður eyrir kom þá af sjálfu sér sem hækkun útborgunarverðs og allar auka tekjur gerðu það einnig.

2. Þær alhliða verslanir, sem nú eru orðnar algengar og kallast sjálfsafgreiðslubúðir voru óþekktar árið 1935, þegar fyrstu mjólkursölulögin voru sett. Þá voru verslanir sérverslanir í stærra mæli en nú er. Datt þá fáum í hug að hægt væri eða forsvaranlegt, að selja mjólk í öðrum verslunum en sérstökum mjólkurbúðum og í brauðsölubúðum.

3. Umbúðir utan um mjólk hafa einnig tekið miklum breytingum. Sala mjólkur á flöskum og í lausu máli var þá ríkjandi og hefur því orðið mikil breyting á þessu eftir að pappa- og plastumbúðir voru teknar í notkun. Nú vilja flestir neytendur fá keyptar allar matvörur sínar, þar með talda mjólk og mjólkurvörur, á einum stað, í hinum svokölluðu sjálfsafgreiðslubúðum. Þar er mikið vöruúrval að öllum jafnaði og allt annað en áður var í nýlenduvöruslunum, sem svo voru kallaðar.

Ekki má hinsvegar gleyma því að mjólkinn, rjóminn og skyrið eru mjög viðkvæmar vörur í geymslu. Ef hitastigi geymslunnar er ekki haldið mjög niðri súrna þær á skömmum tíma. Utanaðkomandi lyktarefni „soga“ þær í sig eins og þerri-pappír blek. Umbúðir þær sem nú eru notaðar, og mikil framför í kælitækni, gera það samt miklu auðveldara en áður, að varðveita mjólkina fyrir utanaðkomandi áhrifum. Þó verða þeir sem selja mjólkina að hafa það sífellt í huga hversu viðkvæm vara mjólkinn er í meðferð allri og geymslu.

4. Ef mjólkursala yrði gefin frjálts og mjólkurbúðir mjólkursamsölnnar legðust niður, yrði Samsalan fyrir verulegum tekjumissi. Frá upphafi voru seldar brauðvörur, sælgæti, öl og gosdrykkir o. fl. í mjólkurbúðum Samsölnnar, til að lækka rekstrarkostnað. Þessar sölutekjur námu í byrjun um 14% af heildarsölutekjum búðanna, en nema nú nálægt 19%.

Þá lagði nefndin til að gerðar yrðu eftirfarandi breytingar á mjólkurdreifingunni.

1. Tekin verði upp sérstök skráning á heildsöluverði nýmjólkur, rjóma, súrmjólkur, jógúrt og öðrum líkum vörum, sem nú eru ekki skráðar sérstaklega í heildsölu. Smásöluverðálagning verði einnig ákveðin sérstaklega á þessum vörutegundum. Þessi verðskráning, svo sem ákvörðun um heildsöluverðið, verði gerð af Sexmannanefnd eða þeim verðlagsyfirlöðum, sem síðar kynni að vera falin verðskráning búvara.
2. Einkaréttur mjólkursamsölu eða mjólkursamlags á sölu mjólkur, rjóma og skyrs, nái aðeins til heildsöludreifingar, en ekki til smásöludreifingar, eins og verið hefur.

3. Við dreifingu mjólkur, rjóma, skyrts og annarra skyldra vara, s. s. súrmjólkur, jógúrt og undanrennu, skal heilðsöluaðili taka sérstakt losunargjald, sem ákveðið er af Sexmannanefnd. Sé gjald þetta ákveðið án tillits til þess vörumagns sem losað er hverju sinni frá bifreið heilðsöluaðila við útsöluastað.
4. Ekki skal leggja neinar hömlur á hvaða smásöluverslanir megi selja umræddar vörur, en þó má ekki selja vörurnar í verslunum, sem heilbrigðisyfirvöld viðkomandi sveitarfélaga, telja að fullnægi ekki kröfum er gera verður um hreinlæti og annan aðbúnað.

Þessar fyrirkomulagsbreytingar á sölu á mjólk sem nefndin lagði til, gera það nauðsynlegt að taka til endurskoðunar ákvæði um verðjöfnun á mjólk og mjólkurvörum, en jafnframt eru gerðar almennar breytingar á fyrirkomulagi á verðjöfnun búvöru. Til að ná aukinni rekstrarhagkvæmni á mjólkurbúum og sláturhúsum, eru þau orðin stærri og dreifðari en var. Það hefur leitt af sér allmikinn mismun milli aðila á kostnaði af fjárfestingu og á flutningum á afurðum að og frá vinnslustöðvunum. Til að hægt sé að greiða framleiðendum sama verð fyrir framleiðsluna er þörf á því að verðjafna sérstaklega áður nefnda tvo kostnaðarliði.

Aðrar breytingar í framleiðsluráðslögunum en þær, sem nefndar hafa verið og frumvarpið felur í sér, eru fjölgun á fulltrúum í Framleiðsluráði landbúnaðarins um 2, úr 9 í 11. Einnig eru gildandi reglur um slátrun og meðferð á stórgripakjöti hertar frá því sem er, til sanræmis við reglur fyrir kindakjöt.

Svo sem áður er nefnt voru tillögur nefndarinnar um breytingu á sölumálum mjólkur tilbúna í árslok 1973. Fyrirhugað var að þær fylgdu heildarendurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. nr. 101/1966, sem hefur verið í undirbúningi. Vegna þess dráttar sem þar hefur orðið á og ekki er endanlega fyrir séð hver verður, þykir ekki rétt að bíða með þessa breytingu lengur en orðið er. Því til staðfestingar er eftirfarandi fundarsamþykkt stjórnar Mjólkursamsölnunnar frá 6. nóv. s. l.: „Á fundi stjórnar Mjólkursamsölnunnar í gær þ. 6. þ. m., var rætt um breytingu þá, sem fyrirhugað var að gera á Framleiðsluráðslögunum og þó sérstaklega um mjólkursöllumálið.“

Stjórnarmenn eru sammála um að leiða þurfi mjólkursöllumálið til lykta sem allra fyrst, enda þótt aðrar breytingar á Framleiðsluráðslögunum verði ekki gerðar samtímis.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrir 4 árum var fjölgað í stjórn Stéttarsambands bænda úr 5 í 7. Stjórnin hefur setið í Framleiðsluráði landbúnaðarins af hálfu Stéttarsambandsins. Í samræmi við það er gerð tillaga um það að fjölga fulltrúum í Framleiðsluráðinu úr 9 í 11.

Um 2. gr.

Samkv. 20. gr. gildandi laga er hlutverk Framleiðsluráðs við stórgripaslátrun að hafa eftirlit með sölu á nautgripakjöti og sinna verðskráningu. Með frumvarpi þessu eru lík ákvæði sett um slátrun og meðferð á stórgripakjöti, og gilda fyrir kindakjöt. Skv. því getur slátrun stórgripa einungis farið fram á viðurkenndum sláturstöðum, og jafnframt er heimilt að láta sömu ákvæði ná til slátrunar á svínnum og alifuglum.

Um 3. gr.

Í 23. gr. er kveðið á um stofnun samsölustjórnar á svæðum þar sem fleiri en eitt mjólkurbú annast daglega sölu á mjólk, rjóma og skyri til neytenda. Í samræmi við þær breytingar, er frv. felur í sér, er þáttur samsölustjórnar í dreifingunni afmarkaður við heilðsölustig.

Um 4. gr.

Á 25. gr. verður sú meginbreyting, að stjórnun samsölustjórnar á dreifingu á mjólk, rjóma og skyri nær aðeins til heilðsölu dreifingar í stað allrar dreifingar áður. Þá eru sett í 25. gr. ákvæði þess efnis, að Sexmannanefnd, sbr. 6. gr. laganna, ákveði heilðsöluverð og smásöluverð á mjólk, sem er nýmæli. Einnig að hún ákveði losunargjald er heilðsöluverð tekur við afhendingu mjólkur til smásala. Þá er leitast við að tryggja framkvæmd ákvarðana Sexmannanefndar um heilðsölu- og smásöluverð á mjólk, og það að sala á umræddum vörum fari ekki fram við ófullnægjandi aðstæður frá heilbrigðis sjónarmiði.

Um 5. gr.

Hér eru söluréttindi mjólkurbúa á mjólk, rjóma og skyri takmörkuð við heilðsölu.

Um 6. gr.

Í 27. gr. laganna eru ákvæði um einkasölurétt mjólkurbús eða samsölu á mjólk og rjóma innan sölusvæðis þess til neytenda. Þessi réttur nær nú einungis til heilðsölu á þessum vörum. Niður eru felld úrelt ákvæði laganna um rétt stjórnar mjólkursölumála til að taka í eigin hendur sölu og dreifingu á öðrum afurðum er búin framleiða.

Um 7. gr.

Samkv. lögnum ber mjólkurbúunum að sjá um að jafnan sé næg neyslumjólk á boðstólum til neytenda innan sölusvæðis þeirra. Þessi skylda mjólkurbúanna er takmörkuð skv. tillögum í þessu frv. við heilðsölustig. Hins vegar er smásöluverðum gert að taka upp þessa skyldu á smásölustigi, sem áður hvíldi á mjólkurbúunum.

Aðrar breytingar á þessari grein eru, að felld eru niður ákvæði um framleiðslu á barnamjólk og eftirlit með henni, en þau ákvæði eiga ekki lengur við í reynd.

Um 8. gr.

Samkvæmt 30. gr. laganna er Framleiðsluráði heimilt, að ósk viðkomandi kaupþíns eða kaupstaðar, að víkja frá gildandi mjólkurverði, í þeim tilgangi að ráða bót á ófullnægjandi framleiðslu á mjólk og til að mæta sérstaklega kostnaðarsömum flutningum. Þessi ákvæði falla niður skv. frv., en í stað þeirra kemur heimild fyrir Framleiðsluráðið til að styrkja flutninga á mjólk með því að jafna útgjöldum af þeim á alla mjólk.

Um 9. gr.

Samkvæmt 40. gr. skal greiða verðjöfnunargjald af öllu kindakjöti, svo sláturleyfishafar um allt land geti greitt sama verð fyrir samskonar vöru, miðað við meðal-sláturkostnað. Einnig af allri mjólk, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli mjólkurbúa, og til verðmiðlunar milli sölusvæða, eftir mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Skv. frumvarpinu eru þessi ákvæði hin sömu, en þeim til viðbótar kemur ótvíræð heimild framleiðsluráðsins til að verðjafna sérstakan fjármagnskostnað hjá sláturhúsum, taka upp verðjöfnun á flutningskostnaði á sláturfé til sláturhúsa, til að stuðla að aukinni rekstrarhagkvæmni í þeim, og á flutningskostnaði á mjólk til mjólkursam- laga. Þá bætist við þessa grein nýr stafliður (e) um verðjöfnun til að mæta halla við útflutning á búvörum, ef verðábyrgð skv. 12. gr. laganna nægir ekki.

Um 10. gr.

Þessi grein kemur í stað 42. gr. í gildandi lögum og er efnislega samhljóða henni, með þeim viðauka, að framleiðendum búvara, sem selja beint til neytenda, er skylt að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.